

224. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 18. júní 2024, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Arnar Kristjánsson og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Forföll: Magnús A. Sigurðsson.

Þorvaldur Þór Björnsson mætti á fund kl. 10.45 til að kynna stöðu örnefnaverkefnis sem Náttúrufræðistofnun Íslands, nú Náttúrufræðistofnun, og Breiðafjarðarnefnd vinna saman.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.30.

1. Fundargerð 223. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 223. fundar nefndarinnar, sem var haldinn 23. maí 2024.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Samstarfsverkefni Breiðafjarðarnefndar og Náttúrufræðistofnunar – Örnefnaskráning

Breiðafjarðarnefnd og Náttúrufræðistofnun Íslands, nú Náttúrufræðistofnun, hafa til margra ára unnið að samvinnuverkefni um skráingu örnefna við Breiðafjörð. Verkefnið hefur undanfarin ár verið í umsjón Þorvalds Þórs Björnssonar .

Afgreiðsla:

Þorvaldur Þór Björnsson mætti á fund Breiðafjarðarnefndar til að kynna framvindu örnefnaverkefnisins árin 2023 og 2024, og áætlun fyrir 2025.

Breiðafjarðarnefnd og Náttúrufræðistofnun munu vinna áfram að örnefnaverkefninu árið 2025 og munu undirrita framhaldssamning seinna á árinu.

Breiðafjarðarnefnd telur að samstarf hennar og Náttúrufræðistofnunar um örnefnaskráningu á og við verndarsvæði Breiðafjarðar sé mikilvægt til að varðveita menningararf svæðisins til framtíðar, sem er einmitt eitt af markmiðum laga um vernd Breiðafjarðar.

3. Önnur samstarfsverkefni Breiðafjarðarnefndar 2024

Breiðafjarðarnefnd tekur þátt í fleiri samstarfsverkefnum á árinu.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar kynnti fyrir nefndarfólki stöðu gróðurannsóknna, sem er í umsjón Náttúrustofu Vestfjarða. Náttúrustofan vann gróðurannsókn í nokkrum eyjum Breiðafjarðar árið

2023 og er úrvinnsla gagna í gangi. Niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar síðar á árinu og verða gerðar aðgengilegar almenningi.

Breiðafjarðarnefnd og Sævar Pálsson vinna saman að verkefninu „Grundarfjarðarviti, sögupóstar og sagan“. Rætt var um verkefnið á síðasta fundi Breiðafjarðarnefndar og var ákveðið að starfsmaður nefndarinnar setji sig í samband við Sævar og vinni með honum að því að klára verkefnið á þessu ári. Á fundinum í dag var rætt áfram um málið og frekari aðkomu Breiðafjarðarnefndar að verkefninu.

4. Vettvangsferð 2024

Breiðafjarðarnefnd vinnur að undirbúningi vettvangsferðar sinnar 8. júlí 2024.

Afgreiðsla:

Haldið var áfram umræðum um vettvangsferð sem verður 8. júlí 2024. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun áfram skipuleggja ferðina í samræmi við vilja nefndarinnar.

5. Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2023

Breiðafjarðarnefnd vinnur að starfsskýrslu ársins 2023 og voru fyrstu drög send á nefndarfolk fyrir fundinn í dag.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi drögin. Ákveðið var að starfsmaður sendi nýjustu drög á nefndarfolk sem mun fá tækifæri til að gera frekari athugasemdir áður en skýrslan verður samþykkt í tölvupósti í júnílok.

6. Jónsnes í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Nýr vegur var lagður að Jónsnesi í Sveitarfélaginu Stykkishólmi í vor. Breiðafjarðarnefnd bærust upplýsingar um möguleg áhrif veglagningarinnar á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar lagði fram til kynningar upplýsingar um vegagerð og áhrif hennar á verndarsvæði Breiðafjarðar. Málið er í skoðun hjá sveitarfélaginu og mun Breiðafjarðarnefnd fylgjast með framvindu þess og meta síðar frekari aðkomu sína að því.

7. Umsögn vegna deiliskipulags fyrir Vigraholt í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Breiðafjarðarnefnd barst beiðni um umsögn frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi vegna kynningar á deiliskipulagi fyrir Vigraholt. Lesa má um deiliskipulagskynninguna í skipulagsgáttinni [hér](#).

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi drög að umsögn sem starfsmaður nefndarinnar undirbjó fyrir fundinn og ákvað að gera nokkrar breytingar á henni. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun vinna breytingarnar og sendir uppfærð drög á nefndarfólk til staðfestingar.

8. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður staðfundur í Flatey þann 8. júlí kl. 16.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.